

## **Samþykktir**

### **1.gr. Heiti og varnarþing**

Félagið heitir Þýsk – Íslenska tengslanetið ÞÍT.

### **2. gr. Heimili og varnarþing**

Félagið er stofnaðu á grundvelli Íslenskra réttar og laga. Heimili félagsins er að \_\_\_\_\_ og varnarþing er í \_\_\_\_\_.

### **3. gr Tilgangur**

Félagið er hagsmunasamtök félagsmanna sinna.

Félagið stuðlar að bættum samskiptum og samkennd félagsmanna með því markmiði að miðla og byggja upp lifandi þýskumælandi menningu á Íslandi.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með kennslu, kynningarstarfi, skipulagningu viðburða og fleira.

### **4. gr. Stofnfélagar**

Stofnfélagar eru: Sjá stofnsamningi.

### **5.gr. Félagsaðild**

Félagar eru almennir félagar og heiðursfélagar.

Almennir félagar eru einstaklingar, stofnanir, fyrirtæki sem greiða félagsgjald til félagsins. Félagsmenn einstakra félaga eða starfsmenn stofnana eru ekki sjálfkrafa almennir félagar. Önnur félög og stofnanir geta öðlast aðild að félaginu að fengnu samþykki aðalfundar. Einstaklingar og lögaðilar geta sótt um aðild að félaginu og sér stjórn um inntöku og skráningu nýrra félaga.

Stjórn félagsins gerir tillögu til aðalfundar um kjör heiðursfélaga.

Gerist félagi brotlegur við lög eða markmið félagsins er stjórn heimild að vísa honum úr félaginu. Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg. Vangoldin félagsgjöld eru ígildi skriflegrar úrsagnar.

### **6. gr. Stjórn**

Stjórn félagsins skal skipuð 5 félagsmönnum og varamönnum þeirra, þ.e. formanni og 4 meðstjórnendum og tveimur varamönnum. Stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára í senn en formaður skal kosinn á hverjum aðalfundi. Stjórnin skiptir með sér verkum varaformanns, gjaldkera og ritara. Formaður boðar stjórnarmenn á stjórnarfundi þegar þurfa þykir.

Stjórnin fer með ákvörðunarvald í málefnum félagsins. Stjórnin skal hlíta lögum þessum og sjá um að þeim sé framfylgt, og hafa hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi. Stjórnin skal hafa umsjón með rekstri félagsins og bera ábyrgð á eignum og fjárreiðum þess.

Stjórnin skal staðfesta ákvarðarnir sínar með einföldum meirihlutar félagsstjórnar.

Formaður ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins og starfsmannahaldi gagnvart stjórn þess. Stjórnin skal sjá um að reikningar félagsins verði endurskoðaðir og að þeir liggja frammi til skoðunar eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfundi. Stjórnin tekur ákvarðanir um ráðningu starfsmanna til félagsins og semur um ráðningarkjör við þá.

Fimaritun félagsins er í höndum allrar stjórnar sameiginlega. Óheimilt er að stofna til meiriháttar skuldbindingar án samþykki undangengins aðalfundar. Þrókúruumboð sem nær til hins daglega reksturs á vegum félagsins er í höndum stjórnarformanns og framkvæmdastjórans.

## **7. gr. Aðalfundur**

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi félagsins skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðalfundi skal halda eigi síðar en í maímánuði ár hvert og skal stjórn boða til hans skriflega með minnst 10 daga fyrirvara. Telst hann löglegur sé löglega til hans boðað. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðeins félagsmenn mega vera þátttakendur á aðalfundi. Kosningarétt á aðalfundi hafa stjórnarmenn félagsins, almennir félagar og heiðursfélagar. Ákvarðanir aðalfundar eru teknar með einföldum meirihluta.

Skylt er stjórn félags að boða til félagsfundar berist um það skrifleg beiðni a.m.k. fimmtungs atkvæðisbærra félagsmanna. Skal boðað til fundarins innan þriggja vikna eftir að slík beiðni hefur borist.

## **8. gr. Breytingar á samþykktum**

Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi og þarf til þess samþykki 2/3 hluta fundarmanna. Tillögur um lagabreytingar skulu fylgja aðalfundarboði.

## **9.gr.Fjármál**

Tekjur félagsins eru félagsgjöld, þjónustugjöld, aðgangseyrir, fjárframlög og styrkir frá einstaklingum og lögaðilum í samræmi við markmið félagsins svo og annað fé sem til fellur. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Aðalfundur ákveður árgjald félagsins og skal það innheimt í janúar hvers árs með eindaga 31.3. sama árs. Ógreitt félagsgjöld eftir eindaga eru ígildi skriflegarar úrsagnar.

Félagið er ekki rekið í ábataskyni. Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið í samræmi við tilgang félagsins.

## **10. gr. Félagsslit**

Ákvörðun um slit félags verður tekin á aðalfundi með auknum meirihluta og þarf til þess samþykki 2/3 hluta fundarmanna og renna eignir þess til góðgerðarfélags sem samþykktur er af einföldum meirihluta á aðalfundi.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi félagsins og öðlast gildi \_\_\_\_\_

Dagsetning og undirskriftir allra stofnenda eða stjórnarmanna.